

//Á döfinni//



...:Sameiginlega árshátíðin:...

Sameiginleg árshátíð skólanna í Rangárvallasýslu, auk skólanna á Klaustri og í Vík verður haldin á Laugalandi þann 11. apríl nk. Hátíðin hefst klukkan 20:00 og stendur til 24:00. Nemendum verður ekið heim að skemmtun lokinni. **Athugið að bæði bóka-safnið og sundlaugin eru lokuð þetta kvöld.**



...: Myndir á heimasíðunni ...

Við minnum á að á heimasíðu skólans má finna myndir úr skóla-stafinu.



...: Framundan ...

- 5. apríl - Árshátíð skólans
- 8. apríl - Stóra upplestrarkeppnin
- 11. apríl - Sameiginleg árshátíð, 7.-10. bekkur.
- 12. apríl - Páskabingó foreldra félagsins
- 11./12.-22. apríl - Páskafrí
- 23. apríl - Starfsdagur (frí)
- 25. apríl - Sumardagurinn fyrsti (frí)
- 1. maí - Verkalýðsdagurinn (frí)
- 17.-23.maí - Vorpróf
- 24. maí - Vordagur
- 27. maí - Umhverfisdagur
- 28. maí - Skólaslit

// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...: Árshátíð Laugalandsskóla ...

Árshátíð skólans fer fram föstudagskvöldið 5. apríl og hefst kl. 19:00. Þar verða stórskemmtileg atriði í boði nemenda. Endilega takið með ykkur gesti og njótið góðrar skemmtunar sem nemendur og kennarar leggja mikinn metnað í. Skólabílar sækja nemendur sem eiga að vera mættir í skólann kl. 18:30. Þeir fara síðan heim með foreldrum að árshátíð lokinni. Hægt er að kaupa veitingar eftir sýningu og kosta þær kr. 1000. Ágóðinn fer til styrktar útskriftarferð 10. bekkjar nemenda.

Skólablaðið Varðan verður selt á staðnum og kostar blaðið kr. 1000.-

Verið hjartanlega velkomin.

Starfsfólk og nemendur Laugalandsskóla

...: Öskudagsskemmtun 1.-6. bekkjar ...

Föstudaginn 8. mars héldum við öskudagsskemmtun fyrir nemendur í 1.-6. bekk og heppnaðist hún einstaklega vel. Byrjað var á klassískum ásadansi þar sem nemendur skiptu sér í tvo hópa, yngri og eldri, og skiptust á að reyna að slá köttinn úr tunnunni. Tunnurnar voru fullar af góðgæti og spýttist einn og einn nammimoli útúr þeim við högginn sem á dundu. Þegar kötturinn slapp úr tunnunni fengu allir nammipoka og að því loknu fór allur hópurinn í stopdans og skemmtu sér og öðrum með skemmtilegum myndastyttu uppstillingum. Skemmtunin endaði með verðlaunaafhendingu fyrir skemmtilegustu og vel heppnuðustu búninganna. Það var erfitt val fyrir dómnefndina því húsið var fullt af flottum búningum.



...: Páskabingó ...:

Páskabingó foreldrafélagsins er haldið föstudaginn 12. apríl kl.18:30.

Spjaldið kostar kr. 400.- Veglegir vinningar í boði. Sjoppa nemendaráðsins verður á staðnum.



...: Páskafrí ...:

Nemendur 7. –10. bekkja fara í páskafrí eftir sameiginlegu árs-hátíðina þann 11. apríl en nemendur í 1.-6. bekk fara í páskafrí að loknum skóladegi þann 12. apríl.

...: Starfsdagur kennara ...:

er þriðjudaginn 23. apríl. Nemendur mæta í skólann samkvæmt stunda-töflu miðvikudaginn 24. apríl.

...: Stóra upplestrarkeppnin ...:

Stóra upplestrarkeppnin verður haldin mánudaginn 8. apríl næst-komandi. kl. 14:00 á Hvolsvelli. Raddir, samtök um vandaðan upp-lestur og framsögn, standa fyrir keppninni. Nemendur úr 7. bekk okkar byggðarlags keppa ásamt nemendum frá Vestmannaeyjum. Fyrir hönd Laugalandsskóla taka þátt þær Guðlaug Birta Davíðs-dóttir og Sunna Hlín Borgþórs-dóttir, Snærós Glóey Kristófers-dóttir er til vara.




...: Leikhúsfærð—Ronja ...:

Leikhúsfærð 1. – 6. bekkjar var farin á konudaginn, 24. febrúar sl. Að þessu sinni var farið á stórsýninguna „Ronja Ræningjadóttir“ í Þjóðleikhúsinu. Öll brögð og allar brellur leiksviðsins eru notuð til að mynda tilkomumikið sjónar-spil fyrir áhorfandann í þessu verki. Þannig tókst að búa til sjálfa Matthíasar-borg, Helvítisgjána og undraveröld skógarins, ásamt víðáttumiklum undirgöngum borgarinnar, allt á eina og sama sviðinu. Hér er sannarlega á færð sýning fyrir alla fjölskylduna, jafnt unga sem aldna. Leikhópurinn stóð sig frábærlega, en að margra mati bar Edda Björgvinsdóttir af í hlutverki sínu sem Skalla-Pésa og uppskar mikinn hlátur fyrir túlkum sína á elsta ræningjanum í Matthíasarborg. Frábær leik-sýning sem óhætt er að mæla með.



...: Leikhúsfærð—Einræðisherrann ...:



Föstudaginn 25. janúar var hin árlega leikhúsfærð unglingadeildarinnar. Eftir stutt hamborgarastopp á Amerikan Style lá leiðin í Þjóðleikhúsið á leikritið „Einræðisherrann“ sem skartar stórleikaranum Sigga Sigurjóns í hlutverki flækingsins sem verður einræðisherra fyrir röð mistaka. Það er óhætt að segja að allir hafi skemmt sér konunglega á sýningunni en hún virðist ná til flestra. Hin kómíska leikaðferð sem rekja má til þöglu myndanna er ekki dauð úr öllum æðum enda mátti heyra hlátur úr hverju sæti. Það var þreyttur en sæll hópur sem hélt af stað heim á leið eftir frábært kvöld.

...: Sund og útiþróttir ...:

Sundkennsla og útiþróttir hefjast 1. apríl nk. Við hvetjum foreldra til að huga að sundfötunum og er gerð krafa um sundboli eða sundtoppa hjá stúlkum í stað bikiní baðfata og sundbuxur við hæfi hjá stráku. Eins er mjög gott að hafa sundgleraugu meðferðis.

